

191

5. okt.

9. gr.

Skýlt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitu bæjarins og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef eigi næst samkomulag.

10. gr.

Umsjónarmönnum vatnsveitunnar er heimilt að loka vatnsæðum í húsum eða hverfum, þyki þess þörf vegna viðgerða á vatnsveitukerfinu. Þá er og heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka á pípum eða tækjum, sem í sambandi eru við þær, eða eyða vatni að óþörfu, svo og þeim, sem ekki greiða vatnsskatt, efni, vinnu, eða annað sem vatnsveitan kann að leggja til um stundarsakir, á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

11. gr.

Engum er heimilt án leyfis bæjarráðs eða þess, er bæjarráð felur umsjá með vatnsveitunni, að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um vatnsveitu í Hafnarfirði, nr. 19 11. apríl 1918.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. október 1943.*

**Björn Þórðarson.**

*Páll Pálmason.*

192

5. okt.

**Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Skógræktarsjóð Landbrots í Vestur-Skaftafellssýslu“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. október 1943.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skógræktarsjóð Landbrots í Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Skógræktarsjóður Landbrots“, og er stofnaður af Valgerði Helgadóttur í Hólmi í Landbroti, með 10000 — tíu þúsund — krónum.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera sá, að efla og styrkja skógrækt í Kirkjubæjarhreppi í V.-Skaftafellssýslu, eftir þeim reglum, sem settar eru í þessari skipulagsskrá.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í umsjón og vörzlu sýslunefndar V.-Skaftafellssýslu, sem ávaxtar sjóðinn á tryggn hátt og annast útborganir. Halda skal sérstaka gerðabók

og reikningabók fyrir sjóðinn og birta árlega opinberlega reikninga hans, endurskoðaða af endurskoðendum sýslusjóðsreikninga V.-Skaftafellsýslu. Enn fremur skal færa inn í gerðabókina nöfn þeirra manna og býla, er styrks njóta. 192  
5. okt.

## 4. gr.

Þá er vextir sjóðsins eru orðnir samtals 1200 — eitt þúsund og tvö hundruð — krónur skal verja 1000 — eitt þúsund — krónum til að koma upp vandaðri girðingu, svo og til plöntukaupa og gróðursetningar, á einu býli í Kirkjubæjarhreppi. Það er skilyrði fyrir styrkveitingu, að ábúandi eða eigandi leggi til vinnu við girðingu og viðhald hennar. Stærð þess lands, sem tekið er fyrir í senn á hverju býli, skal vera a. m. k. 3000 fermetrar, og valið eftir tillögum skógræktarstjóra ríkisins eða umboðsmanns hans.

## 5. gr.

Eftirstöðvar vaxta, skv. 4. gr., 200 kr., skal leggja við höfuðstólinn, þar til hann verður 25 þúsund krónur. Úr því má verja öllum vöxtum til skógræktar samkvæmt skipulagsskrá þessari. Höfuðstólinn má eldrei skerða.

## 6. gr.

Býlið Hólmar í Landbroti skal eiga rétt á fyrstu styrkveitingu til skógræktar. Annað býlið í röðinni skal vera efra býlið Þykkvibær í Landbroti. Að öðru leyti fara styrkveingar eftir tillögum skógræktarstjóra ríkisins eða umboðsmanns hans.

## 7. gr.

Þá er öll býli í Kirkjubæjarhreppi hafa átt kost á, eða hlotið styrk úr sjóði þessum til skógræktar, skal hafin önnur umferð eftir sömu reglum. Hafi ábúandi einhvers býlis vanrækt viðhald girðingar, eða sýnt vanhirðu við skógrækt sína, skal býlið færast aftur í styrkröðinni þar til úr hefur verið bætt að fullu, að mati skógræktarstjóra ríkisins. Þó að fleiri býli séu á einni jörð, skal það talið sem eitt býli að því er styrkveitingu snertir.

## 8. gr.

Þrjúti verkefni fyrir sjóð þennan í Kirkjubæjarhreppi, annað hvort fyrir áhugaleysi ábúenda jarða þar, eða að meira land þyki eigi henta að taka til skógræktar, má verja vöxtum sjóðsins til skógræktar í öðrum sveitum V.-Skaftafellsýslu, en á sama grundvelli og til er tekið í þessari skipulagsskrá.

## 9. gr.

Nú breytast hættir svo, að framkvæmd skipulagsskrár þessarar samkvæmt framansögðu, verður talin að verulegu leyti óheppileg og nauðsyn talin á að breyta henni, og skal það þá heimilt sýslunefnd V.-Skaftafellssýslu, eftir tillögum Bún- aðarfélagss Íslands, enda gert á þann hátt sem bezt samræmist tilgangi gefanda, skv. skipulagsskrá þessari.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari hjá æðstu stjórnarvöldum Íslands.

Hólmi í Landbroti, 10. ágúst 1943.